



tækniskóli Íslands

The Icelandic College of Engineering and Technology

Alþingi
Erindi nr. P 127/1925
komudagur 12.4.2002

Nefndasvið
Menntamálanefnd
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. apríl 2002

Umsögn: Frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands


Stjórnendur Tækniskóla Íslands fagna því að frumvarp til laga um Tækniháskóla Íslands hafi verið lagt fram á Alþingi og vona að það verði afgreitt sem lög á yfirstandandi þingi. Sérstaklega er fagnað þeirri heimild í lögnum að skólinn sinni hagnýtum rannsóknum og þróunarstörfum, enda grundvallarskilyrði fyrir þróun náms á háskólastigi.

Því miður hefur dregist úr hömlu að sett yrðu sérlög fyrir skólann í samræmi við lög nr. 136/1997 um háskóla. Þessi dráttur sem er af ýmsum ástæðum, hefur valdið skólanum margvíslegum erfiðleikum sem hamlað hafa eðlilegri þróun skólastarfsins og aðlögun hans að síbreytilegum þörfum atvinnulífsins. Það er því nauðsynlegt fyrir áframhaldandi skólastarf að þessi lög öðlist þegar gildi.

Stjórnendur skólans leggja einnig áherslu á að í tengslum við skólann verði áfram rekin námsbraut, sem veitir nemendum sérhæft aðfaranám að deildum skólans, samanber umfjöllun í athugasemdum við lagafrumvarpið.

Unnið hefur verið að því innan skólans að undirbúa þær breytingar sem löggin hafa í för með sér hvað varðar innra skipulag deilda og yfirstjórnar. Sérstök áhersla er lögð á að formfesta aðkomu atvinnulífs og fagfélaga að ákvörðunum um námsframboð og fyrirkomulag þess. Slíkt samstarf hefur verið til staðar í nokkrum deildum skólans til þessa.

Í framhaldi af lagsetningunni þarf að taka á fjármálum skólans, til að ná markmiðum laganna, með sérstökum fjárveitingum og breytingum á núverandi reiknilíkani sem notað er við ákvörðun fjárveitinga.


Guðbrandur Steinþórsson, rektor